

REGLUR UM RAFRÆN MATARKORT HJÁ AKRANESKAUPSTAÐ

Starfsfólk Akraneskaupstaðar sem ekki hefur aðgang að mötuneyti, sbr. ákvæði kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. Akraneskaupstaðar við stéttarfélag starfsmanna á opinberum vinnumarkaði (starfsmenn sveitarfélaga), býðst að fá rafrænt matarkort til að kaupa mat til eigin neyslu á vinnudegi. Hægt er að nota matarkortið á veitingarstöðum í bænum sem Akraneskaupstaður hefur samið við og hafa til umráða hugbúnað fyrir skanna þar sem starfsfólk getur skannað matarkortið við hverja notkun.

Starfsfólk getur keypt mat til eigin neyslu daglega þegar það á vinnuskyldu að fjárhæð **kr. 2.000**. Þar af greiðir starfsmaðurinn **kr. 872** fyrir máltíðina og er því greiðsluþátttaka Akraneskaupstaðar **kr. 1.128** við hverja notkun á matarkortinu. Ef málsverðurinn er dýrari en verðgildi matarkortsins þá greiðir starfsfólk sjálft allan umframkostnað.

Einungis bæjarstjórn Akraness getur breytt verðgildi matarkortsins. Verðgildi matarkortsins skal uppfærast árlega með gildistöku þann 1. febrúar ár hvert með tengingu við árlega hækkun þess hluta sem starfsmenn greiða fyrir miðann. Hækkunin er útreiknuð og er miðuð við breytingu á matar- og drykkjarvörulið (01) í vísitölu neysluverðs skv. tilteknum forsendum og er fjárhæðin (og þar með breytingin) birt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga undir liðnum: Greiðslur og uppbætur.

Starfsfólk Akraneskaupstaðar sem á rétt á matarkorti sækir um það í gegnum vefumsókn sem notar island.is til auðkenningar og fær svo matarkortið í veskislausn í snjallsíma (e.wallet). Hægt er að nota matarkortið einu sinni á sólarhring og í lok reikningsmánaðar er heildarupphæð mánaðarins dregin frá launum. Matarkort er aðeins fyrir starfsfólkið sjálft sem fær það úthlutað og er óheimilt að framvísa því til annarra.

Til að hægt sé að sækja um matarkort þarf starfsfólk að vera á lista sem heimilar úthlutun matarkorts. Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá matarkort eru:

- Starfsstöð býður ekki upp á mötuneyti.
- Vinnuskylda starfsfólks sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku. (50% starfshlutfall).
- Að starfsfólk eigi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00-14:00.

Reglur þessar byggja á fyrri reglum um matarmiða sem tóku gildi 1. janúar 2011 og voru síðast endurskoðaðar í janúar 2024 og tóku gildi 1. febrúar sl. Reglurnar hafa nú verið uppfærðar í tengslum við nýtt verklag og því að miðarnir hafa verið lagðir niður og rafrænt matarkort tekið upp þess í stað.

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 2024.

F.h. Akraneskaupstaðar



AKRANESI
Haraldur Benediktsson
bæjarstjóri